

Áfangastaðafulltrúar sveitarfélaganna á Vesturlandi

Til : akranes@akranes.is <akranes@akranes.is>; borgarbyggð@borgarbyggð.is
<borgarbyggð@borgarbyggð.is>; skorradalur@skorradalur.is <skorradalur@skorradalur.is>; Dalir
<dalir@dalir.is>; eyjaogmiklaholtshreppur@vortex.is <eyjaogmiklaholtshreppur@vortex.is>; snb@snb.is
<snb@snb.is>; grundarfjörður@grundarfjörður.is
<grundarfjörður@grundarfjörður.is>; stykkisholmur@stykkisholmur.is
<stykkisholmur@stykkisholmur.is>; hvalfjardarsveit@hvalfjardarsveit.is
<hvalfjardarsveit@hvalfjardarsveit.is>; kjos@kjos.is <kjos@kjos.is>

Frá : Margrét Björk Björnsdóttir <maggy@west.is>

CC : Páll Snævar Brynjarsson <pall@ssv.is>

Heiti : Áfangastaðafulltrúar sveitarfélaganna á Vesturlandi

Málsnúmer : 2207001

Málsaðili : Samtök sveitarfélaga á Vesturlandi

Skráð dags : 30.06.2022 18:27:20

Höfundur : Margrét Björk Björnsdóttir <maggy@west.is>

Viðhengi [image002.png](#)
[image001.png](#)

Til forsvarsaðila sveitarfélaganna á Vesturlandi

Erindi: skipun áfangastaðafulltrúa fyrir hvert sveitarfélag á Vesturlandi

Í tilefni af því að nú er að hefjast nýtt kjörtímabil hjá sveitarfélögunum þá óska ég hér með eftir að öll sveitarfélögin á Vesturlandi endurnýji skipun eða skipi „áfangastaðafulltrúa“ innan sinnar stjórnsýslu sem mun vera tengiliður viðkomandi sveitarfélags og samstarfsaðili Áfangastaða- og Markaðssviðs SSV

- Vinsamlega sendið mér upplýsingar um tilnefndan „áfangastaðafulltrúa“ sveitarfélagsins:
NAFN: - STARFSHEITI: - TÖLVUPÓSTFANG: - VINNUSÍMA:

Forsendur:

Samtök sveitarfélaga á Vesturlandi reka Áfangastaða- og Markaðssvið SSV sem heldur utan um verkefni sem lúta að þróun, uppbyggingu, gæðum og kynningu á áfangastaðnum Vesturlandi.

Sviðið samanstendur af starfsemi og verkefnum sem heyra undir Áfangastaðastofu Vesturlands og Markaðsstofu Vesturlands ehf. sem er alfarið í eigu sveitarfélaganna á Vesturlandi.

Sjá nánar: <https://www.west.is/is/afangastada-og-markadsstofa-vesturlands>

Það er mjög mikilvægt fyrir alla að starfsfólk Á&M og fulltrúar sveitarfélaganna geti átt í virku samtali og samstarfi til að tryggja upplýsingaflæði og samræmda vinnu í þeim verkefnum sem lúta að uppbyggingu, gæðum og kynningu á ferðamálum og áfangastaðnum Vesturlandi.

Þess vegna hefur Áfangastaða- og Markaðssvið SSV farið fram á það við sveitarfélögin á Vesturlandi að þau tilnefni ákveðinn fulltrúa í sinni stjórnsýslu sem fær það hlutverk að vera tengiliður sveitarfélagsins við ÁSV / MSV – og hefur það gefist mjög vel og gefið góðan árangur sérstaklega þar sem áfangastaðafulltrúarnir hafa verið virkir í samtali og samstarfi – við erum mjög þakklát fyrir það og viljum leggja mikla áherslu á að efla og auka þetta samstarf.

Fulltrúinn sem sveitarfélagið skipar fær þá nafnbótina „**áfangastaðafulltrúi**“ og hans hlutverk er að vera í samskiptum við starfsfólk ÁSV / MSV þegar ástæða er til, svara erindum, sinna verkefnum og vera í samráði varðandi málefni sem snerta áfangastaðinn Vesturland – þó með sérstaka áherslu á viðkomandi sveitarfélag.

Nánari upplýsingar: **ÁFANGASTAÐAFULLTRÚAR** <https://www.west.is/is/afangastada-og-markadsstofa-vesturlands>

Mikilvægt er að sá aðili sem skipaður er sem áfangastaðafulltrúi hafi einhverja innsýn eða aðkomu að kynningar-, ferðamála-, menningar-, skipulags- eða umhverfisverkefnum sveitarfélagsins – eitthvað eða allt af þessu - því þetta eru verkefni sem við vinnum að á Áfangastaða- og Markaðssviði SSV

Hvert sveitarfélag velur og skipar sinn áfangastaðafulltrúa og stendur straum af kostnaði við alla þá vinnu sem hann innir af hendi og sinnir sem áfangastaðafulltrúi sveitarfélagsins.

Hlakka til að vinna áfram með ykkur...

Með góðri kveðju / Best regards

Margrét Björk Björnsdóttir (Maggý)
- sviðsstjóri -

Áfangasta- & Markaðssvið SSV

+354 433 8820 / +354 864 2955

